

Listapósturinn



Töfraflautan æfð í Gamla bíói í vikunni

„Alltaf þrekvirki að að sviðsetja óperu“

Töfraflautan hjá Íslensku óperunni

Töfraflauta Mozarts hljómar nú frá sviðinu í Gamla bíói. Íslenska óperan frumsýndi þessa líklega ást-sælustu óperu meistarans og jafnframt hans síðustu á fimmtudagskvöldið.

– Þetta er fyrsta ópera Mozarts

sem náði almenningshylli. Hún var sérstaklega skrifuð fyrir ákveðið óperuhús í Vín, sem allskonar fólk sótti, ekki aðeins þessir venjulegu óperuáðdáendur – og hún náði strax miklum vinsældum, segir hljómsveitarstjórinn Gilbert Levin við Helgarpóstinn.

65 manns taka þátt í sýningunni. 26 manna kór, 35 manna hljómsveit, 17 einsöngvarar og sjö börn. Það er því þröngt á litla sviðinu í Gamla bíói. Þórhildur Þorleifsdóttir leikstjóri segir að það sé í sjálfu sér ekki mikið vandamál.

– Mesta vandamálið er að koma öllum þessum fjölda stórslysaust á sviðið og af því, segir leikstjórinn og bætir því við, að vitanlega hafi það valdið ýmsum vandkvæðum, að allir þátttakendur í sýningunni eru í fullum störfum annarsstaðar.

Meðal einsöngvara er Guðmundur Jónsson óperusöngvari, sem lék hlutverk prests í uppfærslu Þjóðleikhússins á Töfraflautunni árið 1956 en leikur nú hlutverk Sarastros ædsta prests. Af öðrum einsöngvörum má nefna Garðar Cortes, Halldór Vilhelmsson, Önnu Júlíönu Sveinsdóttur, Sigurð Björnsson, Ólöfu Harðardóttur og Sieglinde Kahmann.

Töfraflautan er sambland af gamni og alvöru, annarsvegar avintýri um vonða drottningu og góðan prest, töfraflautu sem dýr dansa eftir og töfraklukku sem stökkva öllum óvinum mannsins á braut. Að hinni leytnu er Töfraflautan lofsöngur um ást manns og konu og jafnframt ákall um andlegt frelsi og frið á jörðu. En ekki síst er þarna um stórfenglegt tónverk að ræða og listaverk sem hlýtur að teljast þrekvirki fyrir unga og litla óperu að setja á svið.

– Þrekvirki? segir leikstjórinn og hljómsveitarstjórinn. Það er ekki meira þrekvirki fyrir lítið óperuhús en stórar óperur eins og Scala. Það er alltaf þrekvirki að sviðsetja óperur.



Karólína við eitt verka sína: hopur af tóki í grennd við Óskjuhlíð (mynd: Jim Smart)

Heim eftir 17 ár:

MEÐ 200 MYNDIR Í FARANGRINUM

Fyrir 17 árum hélt ung Reykjavíkurstúlka til listnáms í Englandi eftir að hún lauk stúdentsprófi frá MR. Hún heitir Karólína Lárusdóttir, og eftir það urðu ferðir hennar heim til Íslands fáar og stuttar. Þar til nú, að hún kemur heim með 200 listaverk í farangrinum, grafik, vatnslita- og olíumyndir og teikningar og opnar sýningu á þeim á Kjarvalsstöðum laugardaginn 6. nóvember.

– Ég hóf nám við Sir John College í Whitechapel 1964 og árið eftir hóf ég þriggja ára nám við The Ruskin School of Art, sem ég lauk raunar á tveimur árum. En um þetta leyti gifti ég mig og stofnaði fjölskyldu. Tíminn fór því mest í bleyjubvott og barnaupeldi þar til 1977, að ég tók upp þráðinn að nýju, segir Karólína við Helgarpóstinn.

Þá hóf hún nám í grafik við Bark-ing College of Art, og frá árinu 1978 hefur hún haldið nokkrar sýningar, ýmist ein eða með öðrum. Og um sömu mundir og hún opnar sýningu á Kjarvalsstöðum eru verk eftir hana í tveimur galleríum í London.

„Þótt ég hafi verið fjarverandi árum saman og þekki mig varla á Íslandi lengur sæki ég myndefni mest til Íslands.“

Enn hefur mér ekki tekist að lifa af listinni, en ég held að þetta sé að koma, mér finnst ég vera að komast í gang, og þær viðtökur sem ég fæ hér skipta mig afskaplega miklu máli, segir þessi listakona, sem hingað til hefur verið flestum löndum sínum ókunn.

Myndirnar eru allar til sölu.



Mezzoforte á afmælistónleikunum á Broadway – „hafa nú góðan meðbyr þótt mitt álit á þeim sé kannski mikið til fokið út í veður og vind“, segir Gunnlaugur m.a. í umsögn sinni. Mynd: Jim Smart.

Íslenskt fusion – iðnaður eða jazz?

Hljómsveitin Mezzoforte hélt upp á fimm ára afmæli sitt nú á dögunum með hljómleikahaldi og öðru húllumhæi. Fimmtudaginn 21. október voru haldnir í

adstæður. Ekki vil ég þó segja að það hafi tónlist Mezzoforte gert, því óneitanlega hefur hún þróast, en hvort það hafi verið í rétta átt geta hins vegar verið skiptar

Popp

eftir Gunnlaug Sigfússon



veitingahúsinu Broadway hljómléikar miklir og nú á miðvikudaginn var sendi hljómleikahaldi frá sína fjórðu plötu, sem einfaldlega heitir Mezzoforte 4.

Mezzoforte hefur á þessum fimm árum verið eina starfandi fusion-hljómsveit landsins. Slíkt hlýtur bæði að hafa sínar góðu hliðar og slæmu. Það hlýtur að hafa verið slámt að hafa ekki neina samkeppni, því hætt er við að hljómsveitir staðni við slíkar

skoðanir um. Persónulega er ég ekki alls kostar ánægður með þá stefnu sem tónlist þeirra hefur tekið, en hver hefur sinn smekk. Stöðugt hefur verið miðað að því að slípa til tónlistina og um leið gera hana sölualegri. Ég get vel skilið að strákana langi til að koma tónlist sinni til eyrna stærri áheyrendahóps en til þessa hefur verið mögulegt og þegar einhverskonar frægð á erlendri grund virðist ekki ýkja fjarri, þá

er það jafnvel ennþá skiljanlega. Við það er þó jafnvel hætt við að þeir missi eitthvað af þeim áheyrendum sem þeir áttu vísa í upphafi. Ég hef t.d. fylgst með flestum þessum drengjum frá því áður en Mezzoforte varð til og batt satt að segja við þá nokkrar vonir. Þær hafa nú heldur dvínað með hverju árinu sem líðið hefur, eftir því sem tónlist þeirra hefur orðið iðnaðarlegri og steriliseraðri. Eftir því sem allt hefur verið fág að meira og meira þar til altvírið ist nú fallið í mjög sölulegt horf. Nú mætti ætla að ég álitu Mezzoforte 4 alveg glatað fyrirbrigði en því er þó ekki þannig farið. Platan hefur sínar góðu og slæmu hliðar. Í raun finnst mér um helmingurlaganna bara nokkuð góður.

Það er fyrst að nefna lagið Fyrsta paragraf (a), sem er hressilegt á köflum og sérlega finnst mér gott að heyrna alvöru píanó-hljóma eða svona næstum því, því líklega er hér um Yamaha raf-flýgil að ræða. – að minnsta kosti er tónninn nógu hollar til að svo geti verið. Hvað sem því líður finnst mér skemmtilegra að hlýða á Eypór spila eitt og eitt píanósól í stað þessara eilífu annarrar handar synthesizersóló.

Á fyrri hliðinni finnst mér einnig ágætt lagið Undur vorsins og þá sérstaklega vegna kassagítarleiksins, sem er eins og þetta með píanóið, góð tilbreyting frá rafmagninu. Það sem helst eyðileggur fyrir þessu lagi er heldur hvítleiður „bar“ í rabbabara-söngur, sem hlýtur að hafa verið hægt að koma fyrir kattarnef með einhverri góðri hugmynd.

Seinni hliðin hefst með besta lagi plötunnar, Fönksvítu nr. 1 fyrir trommur og hljómsveit, sem nú kannski hefði verið nær að kalla Diskóvítu, en það skiptir svo sem ekki máli. Lagið er kraftmikið og í eiginlega eina skipti á plötunni gefur að heyrna samlega rífandi gítarleik, sem er nokkuð sem ég sakna svona þegar á heildina er lítið. Ég veit að Friðrik er einn af okkar albestu gítar-



leikurum, fingarlipur og sóló hans yfirleitt vel uppbyggð. Hins vegar finnst mér hann of aftur-

liggjandi í heildarsvip tónlistarinnar, þ.e. hann hverfur of mikið inn í heildarmyndina. Tónlist Mezzoforte er nefnilega orðin mjög slétt og samfelld heild. Að mínu mati er hún allt of slétt og myndi hún rísa meira ef t.d. gítarinn mundi rífa sig betur upp á köflum. Einnhverskonar „sound“ spursmál.

Fusion Blues þykir mér einnig nokkuð áheyrilegt lag, með ágætu píanósóló og á eftir því gítarsóló sem maður tekur eftir.

Hin lögin hirði ég ekki um að telja upp, enda renna þau bara Framhald á 17. síðu.



„Ekki hrædd við að leggja myndir mínar undir dóm gagnrýnenda í Reykjavík“, segir Svava Sigríður Gestsdóttir frá Selfossi

mannahöfn, þar sem meðal annars voru kenndar gluggaskreytingar og auglýsingateikning, auk venjulegrar litamedferðar og myndbyggingar.

– Eftir það fór tíminn mest í barna stúss, en í nokkur ár vann ég við g'uggaskreytingar í Reykjavík. Árið 1974 settist ég að á Selfossi, og þá var aftur farinn að verða tími til að sinna hugðarefninu, segir Svava við Helgarpóstinn.

Hún er einn af stofnendum Myndlistarfélags Arnessýslu, og á

Svava Sigríður Gestsdóttir frá Selfossi: Frumraun vestan heiðar

–Ég er ekki hrædd við að leggja myndir mínar undir smásjá gagnrýnenda í Reykjavík. Ég hef trú bæði á sjálfri mér og myndum mínum, segir Svava Sigríður Gestsdóttir, sem búsett er á Selfossi. Hún opnar fyrstu málverkasýningu sína vestan heiðar í Gallerí Lækjartorgi á laugardaginn.

Svava Sigríður hefur fengist við myndlist frá því hún man eftir sér og hóf nám í Myndlistarskólanum í Ásmundarsal þegar hún var unglingur. Eftir það nam hún eitt ár við Bergenholts fagskole í Kaup-

undanförnum árum hefur hún haldið fimm einkasýningar og nokkrar sýningar með öðrum.

Myndirnar á sýningunni eru unnar með vatnslitum og pastel-litum, og auk þess eru á meðal þeirra pennateikningar. Helsta viðfangsefni Svövu er fólk, en hún hefur líka fengist við að mála landslag.

„Þó ekki natúralistiskt landslag, þetta er meiri fantasía, í áttina að því að vera abstrakt“, segir listakonan við Helgarpóstinn.

ÞG